

Stjórnarfundur GDHL 23.03.21 ,ÍSí kl 1800

Mættir:

Jón Þorberg, Ágúst, Sigurður, Randi, Jóhann, Davíð, Valdimar, Stefán og Alexandra Montan var með okkur í gegnum ZOOM.

Fræðslunefndin fór yfir niðurstöður dóma á heimahestum, almennt eru dómara farnir að gera meiri greinarmun með takt á skeiði. Niðurstöður komu betur út heldur enn fyrir ári. Þeir dómara sem hlutu undir 7,0 á heimadómi fá sent bréf um að þeir sitji hjá þetta árið og eru hvattir til að rita mót hjá reyndum landsdómurum.

Hugmynd frá fræðslunefnd er að setja út einn hest á mánuði í svipuðu formi til að halda áfram að samræma og hvetja dómara áfram í að vera á tánnum í að dæma sýningar.

Áherslur 2021 verður áfram reiðmennska, taktur, form og skeið.

IH hefur klárað að ganga frá öllu í kringum gæðingatölt, svo það kemur inn í leiðara 1 Apríl.

Rætt um að tími sé kominn á að uppfæra leiðara gæðingarkeppninnar 15 ár frá því síðast voru gerða smá breytingar. Stefán leggur til að farið verði vel í það og vandað til verksins og gert ítarlega. Fræðslunefnd falið að fara í málið og skipa nefnd um uppfærslu og það verði einnig fulltrúi knapa. Alexandra tekur fram mikilvægi þess að þetta sé skýrt og nákvæmt fyrir erlenda keppendur og dómara.

Ágúst fer yfir hvernig verður innheimt árgjald, sent í heimabanka.

Rætt um að fara kynningar ferðir um ísland, fyrirlestur er til, Randi telur mikilvægt að stitta söguhluta í honum þótt sumt sé mikilvægt að hafa, bæta inn fleiri myndböndum og útskýringum á þeim. Verður skoðað hvernig staðan verður á kovit málum.

Rætt um að koma heimasíðu á ensku líka. Leiðara og reglum einnig Alexandra er að skoða þessi mál.